

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

Reykjavík 31. janúar 2013  
Tilv.: ÖNU13010007/021-10-1

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur borist hjálögð kæra frá Guðna Gíslasyni, dags. 28. janúar 2013, vegna synjunar yðar um aðgang að gögnum, sjá nánar kæru.

Með vísan til 2. mgr. 22. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er yður hér með veittur frestur til að senda úrskurðarnefnd um upplýsingamál umsögn um kæru þessa og koma að frekari rökstuðningi fyrir ákvörðun yðar til **mánudagsins 11. febrúar** næstkomandi. Vinsamlegast athugið að umsögnin verður í kjölfarið send kæranda til athugasemda. Mikilvægt er því að trúnaðargögn og umfjöllun um þau séu aðskilin umsögn.

Jafnframt er þess óskað að úrskurðarnefndinni verði innan sama frests látið í té í trúnaði afrit af þeim gögnum, sem kærán lýtur að.

Fyrir hönd formanns



Nína Guðríður Sigurðardóttir

Fylgiskj.: Kæra Guðna Gíslasonar, dags. 28. janúar 2013

Stofnun	Hafnarfjarðarkaupstaður
Sending	4. 2. 2013
MÁ ssn	1302031
Prósent	253,3



**Kæra**  
Bréf: Tölvupóstur  
Málsnúmer: ÚNU13010007  
Bréfalyklar: 021-10-1 A-mál - Kærur og úrskurðir  
(36-11-1)  
Skráð af: Hervör Pálsdóttir  
Staða: Lokið  
Dagsetningar:  
Búið til: 29.01.2013  
Dagsetning: 28.01.2013

Upplýsingar um viðskiptavin:  
Netfang: Fjarðarpósturinn - ritstjórn  
<ritstjorn@fjardarposturinn.is>

---

Notandi: Fjarðarpósturinn - ritstjórn <ritstjorn@fjardarposturinn.is>  
Dagsetning: 28.1.2013 14:06:44  
Til: <hervor.palsdottir@for.stjr.is>  
Efni: Kæra

---

#### Úrskurðarnefnd um upplýsingamál

Efni:

**Kæra vegna synjunar Hafnarfjarðarbæjar á afhendingu á minnisblaði sem notað var til grundvallar á ákvörðun bæjarráðs.**

Eftir að hafa fengið munnlega höfnun á að fá að sjá minnisblað fjármálastjóra sem lagt var til grundvallar samningi um aðstoð við Íþróttafélagið Hauka vegna fjárhagsvandræða þess sendi undirritaður 25. janúar 2013 skriflega ósk um að fá afrit af minnisblaðinu. Þeirri beiðni var hafnað 28. janúar 2013.

Þann 20. desember sl. Fjallar bæjarráð um málefni Hauka

<http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1212015F>

þar sem segir að farið hafi verið yfir stöðu framkvæmda við Ásvelli og eignarhald. Ekkert kemur fram um að óskað sé eftir að Hafnarfjarðarbær leysi til sín eignir með því að yfirtaka skuldir Hauka, né með hverjum hætti þær skuldir séu tilkomnar.

Þann 28. desember sl. Er málið aftur tekið upp í bæjarráði

<http://www.hafnarfjordur.is/stjornkerfi/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=1212019F>

þar sem segir að fjármálastjóri hafi mætt á fundinn, farið yfir stöðuna og rakið söguna.

Niðurstaða fundar er að bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að ganga frá samkomulagi við Knattspyrnufélagið Hauka um eignarhald mannvirkja á Ásvöllum. Er samningurinn birtur með fundargögnum.

Undirritaður hefur fengið staðfest að minnisblað fjármálastjóra hafi verið lagt fram á fundinum og fullyrt er að það hafi verið notað til grundvallar gerð samningsins.

Upplýsingastjóri upplýsti í símtali að viðmælendur hans sem óskað hafa eftir að fá afrit af minnisblaðinu hafi haft afrit undir höndum og því ljóst að minnisblaðinu hefur verið lekið út.

Þar sem ákvörðun bæjarráðs er mjög umdeild í bænum og upphæðir háar hlýtur það að teljast nauðsynlegt fyrir almenning að geta tekið upplýsta afstöðu í málinu að hafa þær upplýsingar sem eru í minnisblaðinu. Minnisblaðið er ekki vinnugögn milli tveggja starfsmanna, heldur forsenda ákvörðunar bæjarráðs og ekki er hægt að nálgast þessar upplýsingar annars staðar.

Er því ákvörðun upplýsingafulltrúar Hafnarfjarðarbæjar að hafna því að afhenda afrit af minnisblaðinu kærður.

Með góðri kveðju,

**Guðni Gíslason, ritstjóri**

**Fjarðarpósturinn**

Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfjörður | [www.fjardarposturinn.is](http://www.fjardarposturinn.is)

Ritstjórn sími: 565 4513 | Ritstjórn: [ritstjorn@fjardarposturinn.is](mailto:ritstjorn@fjardarposturinn.is)

Auglýsingasími: 565 3066 | Auglýsingar: [auglysingar@fjardarposturinn.is](mailto:auglysingar@fjardarposturinn.is)

**From:** Steinunn Þorsteinsdóttir [<mailto:steinunn@hafnarfjordur.is>]

**Sent:** 28. janúar 2013 13:25

**To:** Fjarðarpósturinn - ritstjórn

**Subject:** RE: Ósk um gögn

Sæll Guðni, aðgangi að vinnugögnunum er synjað með vísan til 6. og 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Vakin er athygli á rétti þínum til að kæra ákvörðun um synjun til úrskurðarnefndar um upplýsingamál innan 30 daga frá móttöku þessa tölvupósts.

Með kveðju,

Steinunn

STEINUNN ÞORSTEINSDÓTTIR

UPPLÝSINGAFULLTRÚI / RITSTJÓRI UPPLÝSINGAMÁLA

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5521 | GSM 664 5521

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

**From:** Fjarðarpósturinn - ritstjórn [<mailto:ritstjorn@fjardarposturinn.is>]

**Sent:** 25. janúar 2013 11:18

**To:** Steinunn Þorsteinsdóttir

**Subject:** Ósk um gögn

**Importance:** High

Sæl Steinunn.

Með vísan í 8 gr. Upplýsingalaga nr. 140 frá 2012 óska ég eftir að fá afrit af minnisblaði sem fjármálastjóri bæjarins gerði við undirbúning samnings við Hauka um eignarhlut á Ásvöllum.

Þar sem minnisblaði var notað sem ein af forsendum til ákvarðanatöku og var lagt fram á fundi bæjarráðs fellur það ekki undir undanþáguákvæði laganna um vinnugögn.

---

Með góðri kveðju,

**Guðni Gíslason, ritstjóri**

**Fjarðarpósturinn**

Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfjörður | [www.fjardarposturinn.is](http://www.fjardarposturinn.is)

Ritstjórn sími: 565 4513 | Ritstjórn: [ritstjorn@fjardarposturinn.is](mailto:ritstjorn@fjardarposturinn.is)

Auglýsingasími: 565 3066 | Auglýsingar: [auglysingar@fjardarposturinn.is](mailto:auglysingar@fjardarposturinn.is)

FYRIRVARI / DISCLAIMER